Framhaldsskólinn á Húsavík
Frumkvæði - Samvinna - Hugrekki



# Sjálfsmatsskýrsla FSH
# 2022-2023

**Efnisyfirlit**


**Inngangur .... 3**

**1. Haustönn 2022 .... 3**

1.1. Niðurstöður námsmats haustannar 2022 .... 3

1.2. Innritun nýnema á haustönn 2022 .... 4

1.3. Brottfall haustannar 2022 .... 4

1.4. Viðhorfskönnun meðal foreldra ólögráða staðnemenda í FSH .... 4

**2. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á haustönn 2022 .... 6**

2.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2022 .... 6

**3. Vorönn 2023 .... 7**

3.1. Niðurstöður námsmats vorannar 2023 .... 7

3.2. Brottfall vorannar 2023 .... 8

3.3. Viðhorfskönnun meðal staðnema vor 2023 .... 8

3.3.1 Athugasemdir/úrbótatillögur vegna Viðhorfskönnunar meðal staðnema vorið 2023 9

3.4. Viðhorfskönnun meðal fjarnema vor 2023 .... 9

**4. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2023 .... 9**

4.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á vorönn 2023 .... 10

**5. Jákvæð svörun kennslu-og áfangakannana yfir skólaárin 2010-2023 .... 11**

**6. Fall og brottfall á skólaárinu 2022 - 2023 .... 11**

6.1. Umfjöllun um brottfall .... 11

6.2. Úrbótatillögur vegna falls og brottfalls á skólaárinu .... 12

**Lokaorð .... 12**


**Gögn í viðauka:**
Námsárangur haustönn 2022 og vorönn 2023, ásamt einkunnadreifingu V09-V23
Viðhorfskönnun meðal foreldra FSH
Kennslu- og áfangakönnun haust 2022
Viðhorfskönnun meðal staðnema
Kennslu-og áfangakönnun vor 2023

**Inngangur**

Aðalmatsþættirnir þetta skólaár voru fjórar kannanir sem tóku á lykilþáttum í starfi skólans. Á haustönn 2022 var framkvæmd *Viðhorfskönnun meðal foreldra ólögráða staðnema í FSH* ásamt því að lögð var fyrir hefðbundin kennslu- og áfangakönnun.

Á vorönn 2023 var framkvæmd *Viðhorfskönnun meðal staðnemenda.* Einnig voru lagðar fyrir hefðbundnar kennslu- og áfangakannanir á vorönn.

Í skýrslunni er reynt að finna ástæður fyrir falli og brottfalli nemenda frá skólanum eins og undanfarin skólaár, sem og finna leiðir til að draga úr því. Niðurstöður kennslukannana er hægt að bera saman við niðurstöður kannanna í fyrri skýrslum. Skýrslur með niðurstöðum kannanna sem lagðar voru fyrir á skólaárinu má finna í viðauka við þessa skýrslu.

## 1. Haustönn 2022

Fyrsta verk sjálfsmatsnefndar var að ljúka við að skrifa sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2021-2022. Kennslu- og áfangakannanir voru lagðar fyrir og unnið úr niðurstöðum. Sjálfsmatsnefnd sendi öllum kennurum niðurstöður kennslu-og áfangakannanna í sínum fögum. Viðhorfskönnun meðal foreldra ólögráða staðnemenda í FSH var svo lögð fyrir í lok annarinnar.

### 1.1. Niðurstöður námsmats haustannar 2022




**Mynd 1:** Sýnir niðurstöður námsmats haustannar 2022

Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,68. Fall á önninni var 5,8% og 6,5**%** skráninga í áfanga enduðu með úrsögn eða nemendur mættu ekki í próf (brottfall). Fjöldi fjarnema var 56 í 596 einingum, þar af voru staðnar einingar 252 eða 42%. Fjöldi fjarnema í gegnum *Fjarmenntaskólann* voru einungis tveir í 10 einingum, sem voru staðnar. Fjöldi dreifnemenda var 18 í 252 einingum, sem allar voru staðnar.

Tölfræði um námsárangur í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka.

## 1.2. Innritun nýnema á haustönn 2022

Innritaðir nýnemar á haustönn 2022 voru 60, þar af komu 18 nemendur úr Borgarhólsskóla sem eru 64,3% af nemendum sem útskrifuðust þaðan vorið 2022. Í árangursviðmiði um námsframboð skólans er gert ráð fyrir að meira en 80% nemenda 10. bekkjar Borgarhólsskóla velji FSH. Ljóst er að þetta markmið náðist ekki þessa önnina, og er hlutfallið lægra en frá árinu áður (sem var rúmlega 77%).

## 1.3. Brottfall haustannar 2022

Heildarfjöldi eininga með einkunnina 0 (Nemendur mættu ekki í lokapróf) var 45, og heildarfjöldi eininga með einkunn H (nemendur hættu í námi) var 117. Brottfallseiningar voru því alls 162 eða 4,67 ársnemendur, sem er ívið hærra en undanfarnar annir (haust 2021 voru þeir 3 og vor 2022 voru þeir 1,7)

## 1.4. Viðhorfskönnun meðal foreldra ólögráða staðnemenda í FSH

Könnunin var tölvupóstkönnun sem var lögð fyrir 68 foreldra. Þátttakendur voru foreldrar ólögráða staðnemenda í FSH. Svarhlutfall var 45,59 %, þ.e. 31 svöruðu. Skýrsla um niðurstöður könnunarinnar er í viðauka við þessa skýrslu.

Tekinn er jákvæður hluti úr spurningum með kvörðunum 1 – 5, mjög gott – frekar gott og mjög vel – frekar vel. Jákvæður hluti er summa af tveimur bestu valmöguleikunum. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

**Tafla 1:** Niðurstöður

**Jákvæð svörun**

| Spurning | Mjög /vel /ánægt /mikið /mikilvægt Alltaf % | Frekar /vel /ánægt /mikið /mikilvægt Oft % | Samtals % |
|---|---|---|---|
| 1. Hversu vel telur þú þig þekkja starfsemi FSH? | 16,13 | 45,16 | **61,29** |
| 2. Ertu ánægt með val barnsins á skóla? | 71,88 | 21,88 | **93,76** |
| 4. Hve mikið traust hefur þú á FSH? | 51,61 | 35,48 | **87,09** |
| 4a. Hversu vel hefur þú kynnt þér *inntökuskilyrði* í FSH? | 15,38 | 53,85 | **69,23** |
| 4b. Hversu vel hefur þú kynnt þér *skólareglur* í FSH? | 15,38 | 53,85 | **69,23** |
| 4c. Hversu vel hefur þú kynnt þér *mætingareglur* í FSH? | 38,46 | 38,46 | **76,92** |
| 4d. Hversu vel hefur þú kynnt þér *námsmat* í FSH? | 7,69 | 53,85 | **61,54** |
| 4e. Hversu vel hefur þú kynnt þér *heimasíðu* skólans? | 23,08 | 46,15 | **69,23** |
| 5. Hversu ánægt ert þú með þá upplýsingagjöf sem þú færð tengt námi barnsins? | 41,94 | 41,94 | **83,88** |
| 6. Hversu ánægt ert þú með þá kynningu sem þú fékkst á FSH áður en barnið hóf nám? | 43,75 | 37,50 | **81,25** |
| | já | nei | |
| 3. Var FSH fyrsta val barnsins? | 83,87 | 16,13 | |
| 7. Álítur þú að skólinn stuðli almennt að góðum árangri nemenda | 100,00 | 0,00 | |
| 8. Telur þú að skólinn hafi velferð nemenda að leiðarljósi í daglegu starfi | 100,00 | 0,00 | |
| 10. Ertu virkur þátttakandi í starfsemi foreldrafélags FSH? | 12,9 | 87,1 | |
| | | | |
| 9. Hve mikilvægt er að barn þitt ljúki námi úr framhaldsskóla? | 64,52 | 32,26 | **96,78** |
| 11. Telur þú að barnið þitt fái nægan svefn? | 3,13 | 50,00 | **53,13** |
| 12. Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum? | 41,94 | 48,39 | **90,33** |
| **Meðaltal jákvæðrar svörunar:** | | | **76,44** |

Niðurstöður könnunarinnar í heild eru jákvæðar, þar sem foreldrar heilt yfir eru nokkuð meðvitaðir um starfsemi skólans og upplifa FSH og námið í skólanum á jákvæðan hátt. Athyglisvert er að sjá að foreldrar telja börnin sín ekki fá nægan svefn, líkt og komið hefur fram í fyrri viðhorfskönnunum á meðal foreldra. Hlutfall foreldra sem telja börnin sín fá oft nægan svefn í þessari könnun er 53,13% og í könnun haustið 2019 var hlutfallið 61,5%. Því hefur þróunin aðeins verið í neikvæða átt, en lítið þó.

*Spurning 13 – Hvað finnst þér eðlilegt að barn þitt vinni mikið með námi?*

Eins og sést í viðauka við þessa skýrslu finnst foreldrum almennt að vinna með námi skuli ekki fara yfir 30% starfshlutfall, en 97% svarenda völdu þann valkost.

*Spurning 14 – Hvað finnst þér að skólinn ætti að leggja áherslu á í forvarnarstarfi sínu?*

Í viðauka við þessa skýrslu sést að foreldrar vilja að lögð sé megin áhersla á forvarnir gegn neyslu ólöglegra fíkniefna og geðfræðslu. Skólinn mun nýta sér þessar niðurstöður í mótun forvarnarvinnu á komandi skólaárum.

## 2. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á haustönn 2022

Skýrslur um niðurstöður kennslukannanna er að finna í viðauka við þessa skýrslu. Jákvæður hluti er summa af **sammála** og **frekar sammála**. Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

**Tafla 2:** Sýnir jákvæðan hluta kennslu- og áfangakannanna haustið 2022

| | Jákvæður hluti kennslukönnun Haust 2022 (%) | | |
|---|---|---|---|
| SPURNING: | sammála/ mjög vel | frekar sammála/ frekar vel | Samtals |
| 1. Kennslan hefur verið vel undirbúin | 70,5 | 17,99 | 88,49 |
| 2. Kennarinn virðist kunna fag sitt vel | 78,26 | 16,67 | 94,93 |
| 3. Námsefnið hefur komist vel til skila | 52,52 | 29,5 | 82,02 |
| 4. Ég næ að halda athygli í kennslustundum | 25,9 | 32,37 | 58,27 * |
| 5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg | 47,89 | 35,21 | 83,1 |
| 6. Kennslustundir eru vel nýttar | 42,34 | 33,58 | 75,92 |
| 7. Kennslustund er vel skipulögð | 62,14 | 23,57 | 85,71 |
| 8. Kennarinn bregst vel við spurningum | 66,91 | 22,3 | 89,21 |
| 9. Kennarinn hefur örugga framkomu | 71,22 | 22,3 | 93,52 |
| 10. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda | 68,57 | 21,43 | 90 |
| 11. Mér finnst námið áhugavert | 27,97 | 23,78 | 51,75 |
| 12. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda | 63,31 | 23,74 | 87,05 |
| 13. Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn | 47,48 | 35,25 | 82,73 |
| 14. Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang | 36,81 | 26,39 | 63,20** |
| 15. Kennaranum hefur tekist að hvetja mig til starfa | 44,93 | 29,71 | 74,64 |
| 16. Ég er ánægð(ur) með kennsluna | 53,19 | 24,11 | 77,3 |
| 17. Hvernig líður þér í áfanganum | 45,32 | 39,57 | 84,89 |
| 18. Mér finnst ég læra af þeirri endurgjöf (einkunn, umsögn, leiðréttingu) sem ég fæ fyrir verkefni mín | 43,7 | 34,07 | 77,77 |
| **Meðaltal** | **52,72** | **27,31** | **82,44** |

* Neikvæður hluti er þó aðeins 10,80%

** Neikvæður hluti er þó aðeins 17,36%

### 2.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á haustönn 2022

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni ef **sammála** og **frekar sammála** nær ekki 70%.

Sp. 4. *„Ég næ að halda **athygli** í kennslustundum.* 58,27% jákvæðni

Sp. 11. *„Mér finnst námið **áhugavert**“.* 51,75% jákvæðni

Sp. 14. *„Mér finnst námið í áfanganum hafa **tilgang**“.* 63,20% jákvæðni

Neikvæðar niðurstöður koma í ljós í spurningum 4, 11 og 14. Hér er mikilvægt að kennarar haldi áfram að bæta framsetningu námsefnis þannig að nemendur haldi athygli og finni áhuga og tilgang með náminu. Vert er að geta þess að aðeins þrjár spurningar ná ekki viðmiðum um 70% jákvæðni, sem er framför frá síðustu könnunum.

Miðað við svörun nemenda er það helst athygli í tímum, áhugi á náminu í áfanganum og tilgangur með faginu sem kemur neikvætt út. Mikilvægt er að kennarar tileinki sér fjölbreytni í kennsluháttum, svo virkni sé tryggð hjá nemendum. Nemendur verða að fá vinnuframlagsverkefni í hverri kennslustund og innlögn kennara sé í samræmi við það. Einnig er mikilvægt að kennarar komi nemendum í skilning um mikilvægi náms almennt til þess að ná út eðlilegum þroska og búa yfir víðsýni til að takast á við þær áskoranir sem lífið býður upp á.

Úrbótatillögur sem matsnefnd hefur sett fram þurfa að koma skipulega til framkvæmda á meðal kennara og stjórnenda skólans. Allir kennarar athugi sína kennslu og skoði þau atriði þar sem kennslukannanir sýna að úrbóta sé þörf. Þörf er á að nýta kennarafundi til að ræða þessi mál og finna lausnir. Eins ber að nefna, að nemendafjöldinn fer lækkandi og því hefur svörun hvers nemanda meira vægi og tölfræðilegur áreiðanleiki er minni.

## 3. Vorönn 2023

Helsta verk sjálfsmatsnefndar á vorönn var að leggja fyrir viðhorfskönnun á meðal staðnema. Einnig voru hefðbundnar kennslukannanir lagðar fyrir hjá hverjum kennara.

### 3.1. Niðurstöður námsmats vorannar 2023




**Mynd 2:** Sýnir niðurstöður námsmats vorannar 2023

Meðaleinkunn allra áfanga á önninni var 7,1. 8,2% skráninga í áfanga endaði með falli og 4,6% skráninga í áfanga endaði með úrsögn (einkunn H og O). Meðalmæting nemenda á önninni er ekki skráð í skýrsluna þar sem fjar-og dreifnemar eru hátt hlutfall af heildarfjölda nemenda og því gefur hlutfallstala (%) ekki rétta mynd af mætingu staðnema.
Tölfræði um námsmat í einstökum áföngum annarinnar er birt í viðauka. Ef meðaleinkunn milli anna (haust 2022 og vor 2023) er borin saman, sést að hausti er hún 7,7 en á vorönn 7,1.

## 3.2. Brottfall vorannar 2023

Heildarfjöldi eininga með einkunn H og O (nemendur hættu eða mættu ekki í próf) var 115. Brottfallseiningar voru því alls 115, eða 3,5 ársnemi. Það er lækkun frá önninni á undan, þar sem brottfall jafngilti 4,8 ársnemum.

## 3.3. Viðhorfskönnun meðal staðnema vor 2023

Í marsmánuði 2023 var lögð fyrir viðhorfskönnun meðal staðnemenda skólans (n=43). Fjöldi svarenda var 39 í heild, sem gefur 90,7% svarhlutfall. Niðurstöður könnunarinnar er birt í viðauka með þessari skýrslu.

**Tafla 3:** Sýnir jákvæðan hluta viðhorfskönnunar á meðal staðnema

**Jákvæð svörun**

| **Spurning** | Sammála % | Frekar sammála % | Samtals % |
|---|---|---|---|
| 1. Ég fékk góða kynningu á skólanum áður en ég skráði mig til náms | 32,5 | 27,5 | **60** |
| 2. Ég er ánægt með námsframboð skólans | 21,05 | 50 | **71,05** |
| 3. Mér finnst miðannarmat gagnlegt | 43,59 | 33,3 | **76,89** |
| 4. Mér finnst vörðuvikur gagnlegar | 40 | 35 | **75** |
| 5. Í skólanum er lögð áhersla á góðan árangur nemenda | 35 | 52,5 | **87,5** |
| 6. Í skólanum er lögð áhersla á vinnuframlag nemenda | 35 | 57,5 | **92,5** |
| 7. Mér finnst námsaðstaða í skólanum góð | 36,84 | 50 | **86,84** |
| 8. Mér finnst aðstaða til félagslífs í skólanum góð | 10,26 | 30,77 | **41,03** |
| 9. Ég tek þátt í félagslífi skólans | 43,59 | 33,33 | **76,92** |
| 10. Ég er ánægt með félagslífið í skólanum | 15,38 | 38,46 | **53,84** |
| 11. Mér líður vel í skólanum | 46,15 | 38,46 | **84,61** |
| 14. Mér finnst mikilvægt að standa mig vel í náminu | 58,97 | 30,77 | **89,74** |
| 16. Ég stefni á frekara nám í framtíðinni | 56,41 | 23,08 | **79,49** |
| | NEI | JÁ | |
| 12. Ég hef orðið fyrir einelti í skólanum | 0 | 100 | **100** |
| 13. Ég hef tekið eftir einelti í skólanum | 2,56 | 97,44 | **97,44** |
| **Meðaltal** | **31,82** | **46,54** | **78,19** |

*** spurning 15, 17 og 18 snúa ekki að starfi skólans heldur að framtíðaráætlunum nemenda og vinnu samhliða námi. Því eiga þessar spurningar ekki erindi í flokkun í jákvæðan eða neikvæðan hluta*

### 3.3.1 Athugasemdir/úrbótatillögur vegna Viðhorfskönnunar meðal staðnema vorið 2023

Sp. 1: Augljóslega þarf að veita kynningarmálum skólans aukna athygli. En benda má á að í vetur hefur talsverðum tíma og fjármunum verið varið til kynningarmála skólans. Áhrif þeirrar vinnu munu sennilega fyrst koma í ljós á næstu árum.
Sp.8/10: Aðstaða til félagslífs er til staðar í kjallara skólans. En athuga mætti að nýta rýmið betur með afþreyingarúrræðum (píluspjöld, poolborð, borðtennisborð o.fl.).

### 3.4. Viðhorfskönnun meðal fjarnema vor 2023

Þetta er í fyrsta skipti sem er lögð fyrir sérstök könnun sem á að meta fjarnám við skólann. Send var út tölvupóstkönnun til 29 fjarnema þar sem spurt var um álit þeirra á fjarnáminu og ýmsum þáttum því tengdu. Nefndin var nokkuð spennt að sjá niðurstöður þar sem það er unnið markvisst að því að auka fjarnám við skólann. Þess vegna væri áhugavert og gagnlegt að fá endurgjöf frá fjarnemum um gæði þess fjarnáms sem skólinn býður upp á.

Það voru því nokkur vonbrigði að einungis 10 af 29 fjarnemum svöruðu könnuninni, eða 34,48%. Það þýðir eðlilega að niðurstöður eru vart marktækar og lítið hægt að leggja út af þeim eða vinna úr þeim á annan markvissan hátt. Þess vegna ber að taka niðurstöðum könnunarinnar með miklum fyrirvara. Þó má geta þess að heilt yfir eru niðurstöður jákvæðar og fjarnemar almennt jákvæðir í garð fjarnámsins hér við skólann. Einna helst má sjá gagnrýni á upplýsingagjöf frá kennurum en eins og áður hefur komið fram ber að taka svörun með miklum fyrirvara og fá svör á bak við niðurstöður.

## 4. Niðurstöður kennslu-og áfangamats á vorönn 2023

Skýrslur um niðurstöður kennslukannanna er að finna í viðauka við þessa skýrslu. Jákvæður hluti er summa af sammála (mjög vel) og frekar sammála (frekar vel). Markmið skólans er að jákvæður hluti í svona könnunum sé 70% eða meira.

**Tafla 4:** Sýnir jákvæðan hluta kennslu- og áfangakannanna vorið 2023

| | Jákvæður hluti kennslukönnun Vor 2023 (%) | | |
|---|---|---|---|
| SPURNING: | sammála/ mjög vel | frekar sammála/ frekar vel | Samtals |
| 1. Kennslan hefur verið vel undirbúin | 74,49 | 18,37 | 92,86 |
| 2. Kennarinn virðist kunna fag sitt vel | 87,63 | 9,28 | 96,91 |
| 3. Námsefnið hefur komist vel til skila | 51,52 | 33,33 | 84,85 |
| 4. Ég næ að halda athygli í kennslustundum | 28,28 | 36,36 | 64,64* |
| 5. Fyrirlestrar/fyrirmæli kennara eru skýr og áheyrileg | 59,00 | 31,00 | 90,00 |
| 6. Kennslustundir eru vel nýttar | 54,08 | 34,69 | 88,77 |
| 7. Kennslustund er vel skipulögð | 67,35 | 23,47 | 90,82 |
| 8. Kennarinn bregst vel við spurningum | 81,63 | 11,22 | 92,85 |
| 9. Kennarinn hefur örugga framkomu | 76,53 | 14,29 | 90,82 |
| 10. Kennarinn virðist áhugasamur um nám nemenda | 76,53 | 15,31 | 91,84 |
| 11. Mér finnst námið áhugavert | 34,71 | 25,51 | 60,22** |
| 12. Kennarinn bregst vel við gagnrýni/athugasemdum nemenda | 70,41 | 20,41 | 90,82 |
| 13. Yfirferð námsefnis er hæfileg og jöfn | 53,61 | 32,99 | 86,60 |
| 14. Mér finnst námið í áfanganum hafa tilgang | 43,43 | 32,32 | 75,75 |
| 15. Kennaranum hefur tekist að hvetja mig til starfa | 48,00 | 31,00 | 79,00 |
| 16. Ég er ánægð(ur) með kennsluna | 60,20 | 24,49 | 84,69 |
| 17. Hvernig líður þér í áfanganum | 58,16 | 28,57 | 86,73 |
| 18. Mér finnst ég læra af þeirri endurgjöf (einkunn, umsögn, leiðréttingu) sem ég fæ fyrir verkefni mín | 62,11 | 26,32 | 88,43 |
| **Meðaltal** | **60,43** | **24,94** | **88,23** |

* Neikvæður hluti er þó aðeins 14,14%

** Neikvæður hluti er þó aðeins 12,28

## 4.1. Athugasemdir og úrbótatillögur við kennslu- og áfangakannanir á vorönn 2023

Hér verða gerðar athugasemdir við niðurstöður einstakra spurninga í könnuninni sem vert er að skoða nánar.

Sp. 4. *Ég næ að halda* ***athygli*** *í kennslustundum “*. 64,64% jákvæðni

Sp. 11. *„Mér finnst námið áhugavert“.* 60,22% jákvæðni

Eins og kemur fram í töflu 4 má sjá að niðurstaða úr tveimur spurningum er undir 70% viðmiði. Það er heilmikil framför frá síðasta vori og lítils háttar hækkun frá haustönn. Síðasta haust var jákvæðni 48,33% í spurningu 4 og í spurningu 11 var jákvæðnin fyrir ári síðan 34,75%. Undanfarin misseri hefur verið unnið markvisst að því að ná viðmiðum í kennslukönnunum þar sem úrbóta var þörf. Sú vinna hefur skilað árangri eins og niðurstöður sýna. Þeim árangri er mikilvægt að viðhalda á komandi námsárum.

## 5. Jákvæð svörun kennslu-og áfangakannana yfir skólaárin 2010-2023

Líkt og á síðasta skólaári var jákvæð svörun tekin saman í öllum kennslu-og áfangakönnunum frá árinu 2010.

Hér fyrir neðan má sjá meðaltal jákvæðra svara yfir 13 ára tímabil. Rétt er að benda á að hvorki var lögð fyrir kennslu-og áfangakönnun vorið 2014 vegna verkfalls framhaldsskólakennara né vorið 2020 vegna Covid.

Hingað til hefur viðmið fyrir jákvæða svörun verið 70% og eins og sjá má á mynd 3 næst það markmið allar annir yfir þetta tímabil fyrir utan haustið 2013. Verður það að teljast góð niðurstaða.




**Mynd 3:** Sýnir jákvæða svörun 2010-2023

## 6. Fall og brottfall á skólaárinu 2022 - 2023

Fall á haustönn 2022 var 11,8 % og brottfall var 6,8 % skráninga.
Fall á vorönn 2023 var 12,5 % og brottfall var 4,6 % skráninga.

### 6.1. Umfjöllun um brottfall

Þegar skólaárið í heild er borið saman við skólaárið á undan (2021-2022) þá má sjá að hlutfall þeirra sem falla í áföngum er hærra þetta skólaárið sem og brottfall. Möguleg ástæða gæti verið að hluti fjarnema sem sækja hér nám, ráði ekki við það álag sem námið krefst samhliða atvinnu og fjölskyldulífi. Margir fjarnemar eru í mörgum áföngum á önn og því hefur hver fjarnemi sem hættir námi á miðri önn mikið vægi í brottfallstölum.

## 6.2. Úrbótatillögur vegna falls og brottfalls á skólaárinu

Mikilvægt er að kennarar haldi áfram að huga sérstaklega að þeim nemendum sem virðast vera í mestri brottfallshættu, sem fjarnemar virðast vera. Þessir nemendur þurfa að fá sérstaka aðstoð frá fagkennurum, umsjónarkennara og námsráðgjafa. Aðstoð getur falist í markvissum reglulegum samskiptum þeirra á milli, strax í upphafi skóla annar og reglulega eftir það. Að auki getur stuðningurinn falist í sveigjanleika í skilum verkefna og prófa, í takti við þarfir hvers og eins.

Fagkennarar verða að fá upplýsingar frá stjórnendum í upphafi annar um nýja nemendur í sínum greinum með sértæka námsörðuleika og örðuleika sem bitnað geta á náminu, það á bæði við fjarnema sem staðnema. Þannig geta fagkennarar brugðist við á viðeigandi hátt og fundið leiðir og úrræði í samvinnu við nemandann.
Eftirfylgni: Brottfallstölur hverrar annar bornar saman áfram og meta árangur af úrbótatillögum.

Það sem snýr að staðnemum er að það mætti gera félagsaðstöðu nemenda betri og í takti við þeirra þarfir og óskir. Miðað við niðurstöður viðhorfskönnunar staðnema, er mikil jákvæðni í garð skólans, til námsins, til kennara og námsaðstöðu. Það eina sem nemendum finnst ábótavant í skólanum er aðstaða til félagslífs á skólatíma, í formi afþreyingar sem ýtir undir félagsleg samskipti nemenda óháð náminu sem slíku. Því er ráð að peningum sé varið í slíkar úrbætur og að sótt verði eftir styrkjum til að efla félagsaðstöðu nemenda. Stjórn nemendaráðs verður síðan falið að finna leiðir og vinna með öðrum nemendum til að bæta aðstöðuna í takt við þeirra þarfir og óskir.

## Lokaorð

Þessi sjálfsmatsskýrsla skoðaði skólastarfið eins og það var á skólaárinu 2022 – 2023 samkvæmt *Verk- og framkvæmdaáætlun sjálfsmatsnefndar* sem hægt er að sjá á heimasíðu FSH. Á báðum skóla önnum voru lagðar fyrir nemendur hefðbundnar kennslu- og áfangakannanir, einn áfangi hjá hverjum kennara á hvorri önn.

Á haustönn 2022 var lögð fyrir Viðhorfskönnun foreldra ósjálfráða staðnemenda og á vorönn 2023 var lögð fyrir Viðhorfskönnun meðal staðnema sem og Viðhorfskönnun meðal fjarnema (ómarktæk vegna lítils þátttökufjölda).

Tölfræði skólaársins, brottfall og ástundun nemenda, er einnig birt í skýrslunni og samanburður gerður á milli anna.

**Sjálfsmatsnefnd FSH,**

Rakel Dögg Hafliðadóttir, Smári Sigurðsson, Valdimar Stefánsson

## Viðaukar

Námsárangur hópa eftir áföngum – haustönn 2022

| Áfangi | Hópur | Kennari | Meðal einkunn | Fjöldi nema í hóp | Fjöldi með fall | Fjöldi með fall (úrsagnir með) | Fjöldi í próf/lokamat | Fjöldi nema í upphafi | Fjöldi úrsagna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| DANS2LO05(11) | 1 | HRT | 6,55 | 20 | 3 | 5 | 18 | 22 | 2 |
| EÐLI2RF05(31) | 1 | EVÁ | 8,31 | 13 | 0 | 1 | 13 | 14 | 1 |
| EFEÐ1EE05(11) | 1 | EVÁ | 7,58 | 19 | 1 | 2 | 18 | 20 | 1 |
| EFNA3GE05(31) | 1 | EVÁ | 8,5 | 8 | 0 | 1 | 8 | 9 | 1 |
| EFNA3LR05(42) | 1 | BF | 8 | 4 | 0 | 0 | 4 | 4 | 0 |
| ENSK1RL05(02) | 1 | SS | 6,6 | 5 | 1 | 3 | 5 | 7 | 2 |
| ENSK2BL05(11) | 1 | SS | 7,71 | 21 | 1 | 1 | 21 | 21 | 0 |
| ENSK3MB05(31) | 1 | SS | 8,03 | 29 | 2 | 3 | 29 | 30 | 1 |
| FÉLV1IF05(11) | 1 | EP | 7,36 | 25 | 1 | 1 | 25 | 25 | 0 |
| FÉLV2AB05(12) | 1 | ÁS | 6,63 | 27 | 4 | 5 | 25 | 28 | 1 |
| FORR2AR05 | 1 | SNR | 7,6 | 5 | 0 | 1 | 5 | 6 | 1 |
| ÍSAN1FR05(31) | 1 | ÁS | | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| ÍSLE1MB05(02) | 1 | ÁS | 5,29 | 7 | 2 | 4 | 5 | 9 | 2 |
| ÍSLE2MÁ05(11) | 1 | ÁS | 6,2 | 25 | 4 | 5 | 24 | 26 | 1 |
| ÍSLE3MI05(31) | 1 | ÁS | 7,3 | 27 | 2 | 5 | 27 | 30 | 3 |
| ÍÞRÓ1GL01(11) | 1 | EP | 9,22 | 18 | 0 | 1 | 18 | 19 | 1 |
| ÍÞRÓ1GL01(21) | 1 | EP | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| ÍÞRÓ1HH01(31) | 1 | EP | 9,2 | 20 | 0 | 0 | 20 | 20 | 0 |
| ÍÞRÓ1HH01(32) | 1 | EP | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| ÍÞRÓ1HH01(33) | 1 | EP | 9 | 7 | 0 | 0 | 7 | 7 | 0 |
| ÍÞRÓ1HH01(34) | 1 | EP | 10 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| KINE3KP04 | 1 | | 8,33 | 18 | 0 | 0 | 18 | 18 | 0 |
| LÍFF3LL05(22) | 1 | BF | 7,44 | 9 | 1 | 1 | 9 | 9 | 0 |
| LÍFS1HN05(11) | 1 | RDH | 9,39 | 18 | 0 | 2 | 18 | 20 | 2 |
| MAGR2MG05 | 1 | | 9,5 | 18 | 0 | 0 | 18 | 18 | 0 |
| MIÐL2MT05 | 1 | SNR | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| NÁMI1NS01(01) | 1 | EP | | 4 | 0 | 2 | 4 | 6 | 2 |
| RAFÍ1RÍ05(11) | 1 | SNR | 8,5 | 6 | 0 | 2 | 6 | 8 | 2 |
| SAGA1YS05(11) | 1 | VS | 7,88 | 17 | 1 | 2 | 17 | 18 | 1 |
| SAGA2OL05(31) | 1 | VS | 8,1 | 10 | 1 | 1 | 9 | 10 | 0 |
| SÁLF2IS05(11) | 1 | RDH | 6,64 | 16 | 3 | 4 | 14 | 17 | 1 |
| SÁLF3GE05(31) | 1 | RDH | 9 | 12 | 0 | 1 | 11 | 13 | 1 |
| SÉR100 | 1 | SNR | | 3 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 |
| STÆR1XZ05(02) | 1 | VS | 5 | 8 | 3 | 4 | 8 | 9 | 1 |
| STÆR2JV05(11) | 1 | RDH | 8,26 | 23 | 0 | 1 | 23 | 24 | 1 |
| STÆR2VH05(22) | 1 | BF | 7,3 | 10 | 1 | 3 | 10 | 12 | 2 |
| STÆR3HI05(41) | 1 | BF | 7,4 | 5 | 0 | 0 | 5 | 5 | 0 |
| VEFL3VT05 | 1 | | 9,89 | 18 | 0 | 0 | 18 | 18 | 0 |
| ÞÝSK1GR05(11) | 1 | SS | 7,25 | 28 | 4 | 5 | 28 | 29 | 1 |
| ÞÝSK1ÞB05(31) | 1 | SS | 8,67 | 9 | 0 | 0 | 9 | 9 | 0 |

| | |
|---|---|
| **Meðaltal** | **7,68** |
| **Staðalfrávik** | **1,64** |

Námsárangur hópa eftir áföngum – vorönn 2023

| Áfangi | Hópur | Kennari | Meðal einkunn | Fjöldi nema í hóp | Fjöldi með fall | Fjöldi með fall (úrsagnir með) | Fjöldi í próf/lokamat | Fjöldi nema í upphafi | Fjöldi úrsagna |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| AUUM1AU05(11) | 1 | EVÁ | 7,73 | 26 | 0 | 1 | 26 | 27 | 1 |
| AUUM2AU05(11) | 1 | | 8 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| EFNA2AE05(21) | 1 | EVÁ | 7,9 | 10 | 0 | 1 | 10 | 11 | 1 |
| EFNA3RS05(41) | 1 | EVÁ | 7,88 | 8 | 0 | 0 | 8 | 8 | 0 |
| ENSK2BO05(21) | 1 | SS | 7,27 | 22 | 2 | 2 | 22 | 22 | 0 |
| ENSK3VO05(32) | 1 | SS | 7,04 | 27 | 6 | 8 | 27 | 29 | 2 |
| FÉLV2KA05(21) | 1 | EP | 7,5 | 20 | 3 | 3 | 20 | 20 | 0 |
| FORR2PH05(21) | 1 | SNR | 7 | 7 | 1 | 1 | 7 | 7 | 0 |
| HEIN3HN05 | 1 | | | 18 | 0 | 1 | 18 | 19 | 1 |
| HLSE1NV03 | 1 | JMB | 6,42 | 12 | 5 | 8 | 12 | 15 | 3 |
| ÍSAN1FR05(21) | 1 | ÁS | | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| ÍSLE2BÓ05(21) | 1 | ÁS | 6,37 | 19 | 3 | 6 | 18 | 22 | 3 |
| ÍSLE3EE05(32) | 1 | ÁS | 6,3 | 30 | 6 | 6 | 26 | 30 | 0 |
| ÍÞNT3ÍT05 | 1 | | 9,85 | 20 | 0 | 0 | 20 | 20 | 0 |
| ÍÞRÓ1GL01(11) | 1 | EP | 10 | 1 | 0 | 0 | 1 | 1 | 0 |
| ÍÞRÓ1GL01(21) | 1 | EP | 8,06 | 18 | 1 | 1 | 17 | 18 | 0 |
| ÍÞRÓ1HH01(32) | 1 | EP | 9,47 | 15 | 0 | 1 | 15 | 16 | 1 |
| ÍÞRÓ1HH01(34) | 1 | EP | 8,92 | 12 | 0 | 0 | 12 | 12 | 0 |
| JÓGA1HR02 | 1 | | | 13 | 0 | 0 | 13 | 13 | 0 |
| LANF2NM05(11) | 1 | VS | 7,71 | 14 | 1 | 1 | 14 | 14 | 0 |
| LÍFF2AL05(11) | 1 | BF | 8,33 | 15 | 0 | 1 | 15 | 16 | 1 |
| LÍFF2EF05(21) | 1 | BF | 7,4 | 10 | 1 | 1 | 10 | 10 | 0 |
| MAVE3SÞ03 | 1 | | | 10 | 0 | 0 | 10 | 10 | 0 |
| MIÐL2MT05 | 1 | SNR | 4 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| NÁMI1NS01(02) | 1 | EP | | 4 | 0 | 0 | 4 | 4 | 0 |
| NÆRI2NN05(11) | 1 | RDH | 7,73 | 28 | 2 | 2 | 26 | 28 | 0 |
| ORKM3OM05 | 1 | | | 19 | 2 | 2 | 17 | 19 | 0 |
| RAFÍ2MV05(21) | 1 | SNR | 7,67 | 6 | 0 | 0 | 6 | 6 | 0 |
| SAGA2YS05(21) | 1 | VS | 6,78 | 18 | 3 | 4 | 18 | 19 | 1 |
| SAGA3MM05(33) | 1 | VS | 7,83 | 18 | 3 | 4 | 18 | 19 | 1 |
| SÁLF2ÞS05(21) | 1 | RDH | 6,63 | 17 | 3 | 4 | 16 | 18 | 1 |
| SÁLF3FP05(32) | 1 | RDH | 7,18 | 11 | 1 | 2 | 11 | 12 | 1 |
| STÞN3SÞ18 | 1 | | | 9 | 0 | 0 | 9 | 9 | 0 |
| STÆR2TÖ05(21) | 1 | RDH | 7,81 | 23 | 2 | 4 | 21 | 25 | 2 |
| STÆR3DF05(31) | 1 | BF | 7,44 | 9 | 0 | 0 | 9 | 9 | 0 |
| STÆR3TD05(51) | 1 | BF | 8,33 | 6 | 0 | 0 | 6 | 6 | 0 |
| ÞÝSK1GF05(21) | 1 | SS | 8,15 | 20 | 0 | 1 | 20 | 21 | 1 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Meðaltal** | | | **7,62** |
| **Staðalfrávik** | | | **1,13** |

Meðaleinkunnir frá hausti 2009 til vors 2023

| Námsönn | Einkunn |
|---|---|
| H09 | 6,9 |
| V10 | 7,2 |
| H10 | 7,4 |
| V11 | 7 |
| H11 | 7,4 |
| V12 | 7,5 |
| H12 | 6,9 |
| V13 | 7,2 |
| H13 | 7,9 |
| V14 | 7,1 |
| H14 | 7,3 |
| V15 | 7,5 |
| H15 | 7,6 |
| V16 | 7,1 |
| H16 | 7,4 |
| V17 | 7 |
| H17 | 6,9 |
| V18 | 6,8 |
| H18 | 6,7 |
| V19 | 7,4 |
| H19 | 7,6 |
| V20 | 7,0 |
| H20 | 7,5 |
| V21 | 7,2 |
| H21 | 7,8 |
| V22 | 7,9 |
| H22 | 7,7 |
| V23 | 7,6 |



# FORELDRAKÖNNUN HAUST 2022

# FORELDR

desember - 2022

## - NIÐURSTÖÐUR -

KÖNNUÐUR
OUTCOME KANNANIR

Skýrslan byggir á gögnum úr Outcome kannanakerfinu

## 1. Hversu vel telur þú þig þekkja starfsemi FSH?




| Svar | Fjöldi | Prósenta |
|---|---|---|
| Frekar vel | 14 | 45,16% |
| Bæði og | 9 | 29,03% |
| Mjög vel | 5 | 16,13% |
| Frekar illa | 3 | 9,68% |
| Mjög illa | 0 | 0,00% |
| **Samtals** | **31** | **100,00%** |

## 2. Ertu ánægt með val barnsins á skóla?




| Svar | Fjöldi | Prósenta |
|---|---|---|
| Mjög ánægt | 23 | 71,88% |
| Frekar ánægt | 7 | 21,88% |
| Bæði og | 2 | 6,25% |
| Frekar óánægt | 0 | 0,00% |
| Mjög óánægt | 0 | 0,00% |
| **Samtals** | **32** | **100,00%** |

## 3. Var FSH fyrsta val barnsins?




| Svar | Fjöldi | Prósenta |
|---|---|---|
| Já | 26 | 83,87% |
| Nei | 5 | 16,13% |
| **Samtals** | **31** | **100,00%** |

## 4. Hve mikið traust hefur þú á FSH?




| Svar | Fjöldi | Prósenta |
|---|---|---|
| Mjög mikið | 16 | 51,61% |
| Frekar mikið | 11 | 35,48% |
| Í meðallagi | 4 | 12,90% |
| Frekar lítið | 0 | 0,00% |
| Mjög lítið | 0 | 0,00% |
| **Samtals** | **31** | **100,00%** |

## 4. Hversu vel hefur þú kynnt þér eftirfarandi starfsemi FSH?




| Svar | Mjög vel | Frekar vel | Í meðallagi | Frekar lítið | Mjög lítið | Fjöldi | Einkunn | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Mætingareglur | 5<br>38,46% | 5<br>38,46% | 3<br>23,08% | 0<br>0,00% | 0<br>0,00% | 13 | 1,85 | 24 |
